

Fótboltahús á Torfnesi. Samanburður á "köldu" og upphituðu húsi

Til : Brynjar Þór Jónasson
Frá : rom@verkis.is
CC : gk@verkis.is;jbh@verkis.is
Heiti : Fótboltahús á Torfnesi. Samanburður á "köldu" og upphituðu húsi
Málsnúmer : 2017010066
Málsaðili : Íþróttafélagið Vestri
Skráð dags : 14.12.2018 15:03:03
Höfundur : rom@verkis.is

Viðhengi [Kostnaður og LCC greining, Ísafjörður-Kalt hús.pdf](#)[Kostnaður og LCC greining, Ísafjörður-Kalt hús.pdf](#)
[Kostnaður og LCC greining, Ísafjörður-Upphitað hús.pdf](#)[Kostnaður og LCC greining, Ísafjörður-Upphitað hús.pdf](#)

Sæll Brynjar

Eins og rætt var á fundi okkar í síðustu viku er hér gerður samanburður á tveimur möguleikum á húsagerð. Annarsvegar er „Kalt“ fótboltahús þar sem húshitun er haldið í lágmarki sem miðast við 5 gráður að jafnaði. Hinsvegar einangrað og upphitað fótboltahús sem miðast við 15 gráður að jafnaði.

Matsþættirnir sem lagðir eru til grundvallar eru:

Stofnkostnaður, sem inniheldur allan verkkostnað og hönnun en ekki lóðarkostnað, leyfisgjöld, ráðgjöf á framkvæmdartíma, umsjón og eftirlit eða gjöld og rekstur á framkvæmdartíma. Til einföldunar fellur allur kostnaðurinn innan sama árs.

Rekstrarkostnaður, sem inniheldur rekstrarstjórnun, tilfallandi kostnað, þjónustu sem samanstendur af umhirðu á gervigrasi og öll þrif, orkunotkun sem er bæði rafmagn og hiti, vatns- og fráveitukostnaður og fasteignagjöld og tryggingar. Ekki er reiknað með kostnaði vegna vöktunar eða öryggisþjónustu og sorphirðu.

Viðhaldskostnaður, sem inniheldur allt viðhald innanhúss og utan, þ.á.m. viðhald á gervigrasi.

Niðurrif og förgun, sem inniheldur áætlaðan kostnað við niðurrif og förgun byggingarinnar að loknum líftíma hennar.

Niðurstöður á samanburði:

Mismunur á stofnkostnaði þessara tveggja húsa er um 100 miljónir króna sem einangrun hússins kostar.

Niðurstaðan í samanburðinum er sú að ef kynda ætti „kalda“ húsið í 15 gráður eins og einangraða húsið, myndi kyndingarkostnaðurinn hækka um kr. 4.050.000 á ári. Þetta þýðir að kostnaðaraukningin vegna einangrunar myndi borga sig upp á 25 árum.

Bestu kveðjur

Ragnar Ómarsson

Byggingafræðingur | Construction Engineer B.Sc.
+354 422 8608 | +354 894 8604 | rom@verkis.is

